



Á döfinni

7. des. Skólaþjónustan í heimsókn.

8. des. Opið hús 6.-10. bekkur kl. 19:30-21:30.

14. des. Skipulagsdagur, nemendur í frí.

15.-17. des. Jólþema.

17. des. Litlujól kl. 17:30 – 20:30.

18. des. Jólafrí.

3. jan. Skóli hefst á ný kl. 9:30.



Pistill skólastjóra

Aðventan hefur ávallt verið minn uppáhalds tími. Barnsleg eftirvænting og tilhlökkun í hjartanu eru enn til staðar þótt mesta spennan sé liðin hjá núna þegar á fimmtugsaldurinn er komið. Mér hættir þó til að gera ráð fyrir að flestir hljóti að hlakka til jólanna líkt og ég geri.

Við megum ekki gleyma því að það hlakka ekki allir til jólanna, margir kvíða þeim jafnvel. Það getur verið vegna fjárhags, heimilisaðstæðna, veikinda, ástvinamissis, minninga eða annars sem við hvorki sjáum né heyrum. Munum að sýna aðgát í nærveru sálar og að við erum jafn ólík og við erum mörg. Látum hroka, neikvæðni og fordóma fara lönd og leið, hugum að náunganum og látum gott af okkur leiða hvert sem við förum. Oft þarf ekki nema eitt bros eða hlýlega kveðju til að gleðja.

Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og vona að þið náíð að njóta þeirra með ykkar nánustu. Jafnframt vil ég þakka þolinmæði og skilning á þessum undarlegu skólastjóraskiptum á haustönninni. Það hefur verið frábært að njóta starfskrafta og reynslu Sólveigar sem ég mun halda áfram að njóta þó svo að ég taki að fullu við skólastjórastarfinu eftir áramótin.

Sjáumst á nýju ári,

Hjördís



Jólþema

Jólþema, þrjú síðustu dagana fyrir jólafrí, er áralöng hefð í skólastarfi Reykjahlíðarskóla. Nemendum er skipt í hópa þvert á árganga og þeir skera út laufabrauð, búa til ís, konfekt og jólaskraut auk þess sem Jóla-Tarzan hefur fest sig í sessi í íþróttahúsinu.

Þemadagarnir eru 15.-17. desember. Nemendur þurfa ekki að koma með skólatöskur. Fyrsta daginn er Jóla-Tarzan þá þurfa nemendur að hafa með sér íþróttaföt.

Dagana 15. og 16. desember fara nemendur heim kl. 14:20.

Föstudaginn 17. desember fara nemendur heim kl. 12:00 og þá er ekki hádegismatur. Síðan eru litlujólin kl. 17:30-20:30.

Notaleg jólastemning ríkir í skólahúsnæðinu þessa daga og allir leggjast á eitt við að gera þá sem skemmtilegasta fyrir alla.

Gleðileg
jól



4. – 6. bekkur

Fram að árshátíð lögðum við áherslu á leikritaæfingar og skilaði það sér nokkuð vel því sýning þeirra tókst mjög vel á árshátíðinni. Við settum krakkaspjallið í bið meðan á árshátíðarundirbúningi stóð og einnig í áhugasviðsvikunni en erum svo byrjuð aftur í því spjalli. Við höldum áfram að vinna með vináttu og erum núna í hlutverkaleikjum í því sambandi.

2. – 3. bekkur

Í nóvember var mikið um að vera hjá okkur, við vorum að undirbúa árshátíðina sem var 11. nóvember og svo í framhaldinu var áhugasviðsvika þar sem við ásamt 1. bekk unnum allskonar skemmtileg verkefni saman. Við erum mjög spennt fyrir því sem framundan er í desember, búa til jólakort, skreyta, fönndra og Litlu jólnum.

7. – 10. bekkur

Nóvember mánuður fór mestmegnis í æfingar fyrir Ávaxtakörfuna. Ríkti mikil gleði og tilhlökkun á æfingum. Stóðu allir sig með stakri þryði og var sýning frábær í alla staði.

Nú tekur við verkefnið „Heimilishald“ þar sem nemendur fá úthlutaða fjölskyldu og þau þurfa að reka heimili í mánuð.

1. bekkur

Í lok þessa árs langar mig að þakka ykkur foreldrum og nemendum í fyrsta bekk fyrir gott samstarf og mjög góðan og tryggan stuðning við heimanám barna ykkar. Stuðningur ykkar skiptir mjög miklu fyrir framvindu námsins. Takk aftur og gleðileg jól!

Dagskrá Reykjahlíðarskóla desember 2021

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur	sunnudagur
		1. Steiktur fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör.	2. Kjötbollur, kartöflur, grænmeti og brún sósa.	3. Skyr, brauð og grænmeti.	4.	5.
6. Fiskibollur, hrísgrjón, grænmeti og súrsæt sósa.	7. Hakk, spaghetti og grænmeti.	8. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti, lauksmjör og rúgbrauð. Opið hús 6.-10. bekkur kl. 19:30-21:30.	9. Grænmetisbuff, bygg, grænmeti og sósa.	10. Lasagne með hvítlauksbrauði.	11.	12.
13. Nautasnitsel með brúnni sósu, ofnbakaðar kartöflur, rauðkál og grænar baunir.	14. Skipulagsdagur, nemendur í fríi.	15. Pasta með tómatauði og hægelduðum lambasneiðum. Þema skóli kl. 8:30-14:20.	16. Fiskiplattar, gratineraðar kartöflur, salat og köld hvítlaukssósa. Þema skóli kl. 8:30-14:20.	17. Þema kl. 8:30-12:00. Enginn hádegismatur. Litlujól kl. 17:30-21:30. Hangikjöt, jafningur og meðlæti.	18.	19.
20.	21.	22.	23.	24.	25.	26.
27.	28.	29.	30.	31.		